

Nd.

117. Frumvarp til laga

[78. mál]

um breyting á lögum nr. 34/1946, um fræðslu barna.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

53. gr. orðist þannig:

Heimilt er fræðslumálastjórn, að fengnum meðmælum hlutaðeigandi fræðsluráðs, að löggilda barnaskóla, sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð, er hún samþykkir, enda hlíti slíkir skólar sama eftirliti og sömu reglum og aðrir barnaskólar. Kennarar við skóla þessa verða að fullnægja öllum settum skilyrðum um rétt til kennslu í barnaskólum. Fyrir börn, sem þessa einkaskóla sækja, þarf ekki undanþágu samkvæmt 5. gr., en forstöðumaður skal í byrjun hvers skólaárs senda hlutaðeigandi skólanefnd skrá yfir skólabörnin og tilkynna henni allar breytingar, jafnóðum og þær verða.

Heimilt er að greiða laun fastra kennara við skóla þessa úr ríkissjóði, enda verði þeir þá ráðnir og launaðir eftir sömu reglum og kennarar barnaskóla. Að öðru leyti ber ríkissjóður engan kostnað af þessu skólahaldi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1957.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta Alþingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi grg. af hálfu mennmálaráðuneytisins:

„Í frumvarpi þessu eru tvær breytingar frá núgildandi lögum, þ. e.: 1) gert er ráð fyrir því, að til stofnunar einkaskóla þurfi meðmæli hlutaðeigandi fræðsluráðs, og 2) fastir kennarar við skóla þessa fá greidd laun úr ríkissjóði eftir sömu reglum og kennarar annarra barnaskóla.

Um fyrra atriðið skal tekið fram, að réttmætt virðist, að ekki sé löggiltur einkaskóli án meðmæla eða samþykkis fræðsluráðs, en fræðsluráð á að hafa umsjón með skólaþörf fræðsluhéraðsins.

Um síðara atriðið skal þetta sagt:

1. Landakotsskólinn í Reykjavík og aðrir hliðstæðir barnaskólar — þ. e. St. Jósefsskólinn í Hafnarfirði og Aðventistaskólarnir í Reykjavík og Vestmannaeyjum — hafa ekki fengið styrk úr ríkissjóði, hvorki vegna stofnkostnaðar né rekstrar. Ákvæði 53. gr. núgildandi laga um fræðslu barna eru hliðstæð ákvæðum 17. gr. fræðslulaga frá 1926 og 19. gr. fræðslulaga frá 1936. Þessi ákvæði voru sett til þess að tryggja réttindi barna þeirra, er slíka skóla sóttu. Um leið styrkist aðstaða þessara skóla í skólakerfi landsins. Hins vegar mun ekki hafa þótt ástæða til þess að ýta undir stofnun einkaskóla með því að veita þeim styrk af almannafé.

2. Ef börn þau, sem nú sækja áðurgreinda einkaskóla, færu öll í barnaskóla hlutaðeigandi staða, mundi víðast þurfa að fjölga föstum kennurum við barnaskólana þar í hlutfalli við nemendafjöldann, sem við bættist. Og ríkissjóður greiðir mestan hluta af launum fastra kennara. Einkaskólar, sem annast hliðstæða fræðslu og aðrir barnaskólar, létta því undir með sveitarfélögum og ríkissjóði um skólahúsnæði og skólarekstur. Vitanlegt er, að einkaskólar eiga nú í erfiðleikum með að halda áfram starfsemi sinni vegna dýrtíðar o. fl. Það virðist því sanngirnismál, að komið sé til móts við þessa skóla þannig, að heimild verði veitt til þess að greiða laun fastra kennara úr ríkissjóði eftir sömu reglum og gilda um aðra barnaskóla. Um ráðningu þeirra gildi þá hliðstæð ákvæði og um ráðningu kennara við einkaskóla þá, er greinir í 54. gr. núgildandi laga um fræðslu barna.“

Þessi greinargerð stendur enn óhögguð, en frv. var felld, að því er virðist vegna ótta þingmanna um, að um of yrði ýtt undir einkaskóla, ef frv. næði fram að ganga.

Slíkt er þó fullkominn misskilningur. Margs konar aukakostnaður mundi þrátt fyrir samþykkt þessa frv. lenda á þeim, er einkaskólum halda uppi. Engin hættu er því á, að skólakerfið mundi rofna af þessum sökum eða einkaskólar verða um of algengir. Hitt mundi leiða til meiri fábreytni og ekki verða neinum til góðs, ef einkaskólarnir legðust alveg niður vegna fjárskorts.